

## Umferðaröryggi leikskólabarna

Börn á leikskólaaldri eru til alls líkleg í umferðinni og því afar mikilvægt að vel sé hugað að öryggi þeirra. Þau mega aldrei vera ein í umferðinni án umsjónar og eftirlits fullorðinna. Það er á ábyrgð þeirra sem eldri eru að búa þau sem best undir þátttöku í umferð, jafnt sem farþega í bíl og gangandi vegfarendur. Það gerum við m.a. með því að sjá til þess að þau noti traustan og góðan öryggisbúnað, með markvissri fræðslu og leiðsögn. Þar á meðal er nauðsynlegt að fá þau til að bera virðingu fyrir umferðinni og þeim hættum sem henni fylgja. Síðast en ekki síst skiptir miklu máli að foreldrar og aðrir fullorðnir séu góðar fyrirmyndir.



## Í hverju felast takmarkanir barna í umferðinni?

- Börn eru smávaxin og hafa ekki jafngóða yfirsýn og fullorðnir. Í umferðinni er þýðingarmikið að sjá vel í kringum sig og sjást.
- Börn eiga erfitt með að meta fjarlægð, hraða og stærð bíla og úr hvaða átt hljóð berast.
- Börn skilja oft ekki mörg orð og orðatiltæki sem notuð eru um umferð og gera sér ekki grein fyrir þeim atriðum sem mikilvægust eru.
- Börn eiga erfitt með að setja sig í spor annarra og átta sig á hvað ökumenn ætla að gera.
- Börn fá oft skyndihugdettur sem þau framkvæma á stundinni. Viðbrögð þeirra byggjast fremur á fljótfærni en skynsemi.
- Börn sjá einungis smáatriðin í umferðinni en ekki aðstæður eða umhverfi í heild.
- Börn eiga oft erfitt með að einbeita sér nema að einu atriði í einu og aðeins í stutta stund í einu.



## Ábyrgð foreldra

Foreldrar bera ábyrgð á öryggi barna sinna. Það á við á öllum sviðum, líka í umferðinni. Samkvæmt umferðarlögum eiga ökumenn að sjá til þess að börn noti viðeigandi öryggisbúnað svo sem barnabílstól, bílpúða og öryggisbelti. Nánari upplýsingar um viðeigandi öryggisbúnað eftir aldri, þyngd og stærð barna er að finna á heimasíðu Umferðarstofu, [www.us.is](http://www.us.is) og í bæklingnum Öryggi barna í bíl.

- Ef virkur öryggispúði er framan við framsæti má barn undir 150 sm hæð ekki sitja þar, hvorki í barnabílstól, á bílpúða eða í sætinu.
- Börn eiga ekki að festa sig sjálf, hvorki í barnabílstól né í bílbelti.
- Akið aldrei af stað nema barnið sé örugglega fest.
- Öruggst er að barn fari alltaf út úr bíl við gangstéttarbrún, þá þarf það ekki að fara út á götu til að komast leiðar sinnar.
- Þegar bílum er lagt á bílastæðum, m.a. við verslanir eða í bílastæðahúsum er öruggast að sleppa aldrei hendi af börnum.
- Barn sem hleypur á undan okkur, jafnvel yfir bílastæði eða á milli bíla getur verið í mikilli hættu.

## Börn þarfnast verndar, leiðsagnar og öruggs umhverfis

Börn læra af því sem þau sjá og heyra, en best læra börn þegar þau fá tækifæri til að reyna sjálf. Einkunnarorðin „að vita, skilja og geta gert“ eiga hér vel við. Börn eiga rétt á að leika sér í góðu og öruggu umhverfi. Aukum umferðaröryggi barna með því m.a. að benda viðkomandi yfirvöldum á hvar úrbóta er þörf. Forráðamenn sveitarfélaga þurfa að huga vel að umferðarhraða í nágrenni við leikskóla. Tryggja þarf að bílastæði og allar aðstæður við leikskóla séu eins öruggar og kostur er.



  
UMFERÐARSTOFA

## Umferðaröryggi leikskólabarna

### Umferðarfræðsla í leikskólum

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins. Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að börn fái snemma áhuga á nánasta umhverfi sínu og því sem þar fer fram. Þau verða ung þátttakendur í umferðinni og þess vegna þarf að leggja áherslu á reglur sem gilda og að gæta varúðar í umferðinni. Börn þurfa að kynna umferðinni og læra hegðunar- og umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til. Umfjöllun um umferðarfræðslu ætti að vera í skólanámsskrá leikskóla og tengjast námi í lífsleikni. Einnig er að finna upplýsingar um börn og umferð á heimasíðu Umferðarstofu, [www.us.is](http://www.us.is).

### Umferðarskólinn Ungir vegfarendur

Umferðarskólinn er samstarfsverkefni Umferðarstofu og allra sveitarfélaga landsins. Börn á aldrinum þriggja til sjö ára fá fræðsluefni skólans sent heim endurgjaldslaust tvisvar til fjórum sinnum á ári. Fræðsluefnið er í formi sögu- og hljóðbóka. Auk þess fá börnin veggspjald og spil. Markmið skólans er að koma í veg fyrir slys á börnum í umferðinni, að aðstoða foreldra við að kenna börnum reglur umferðarinnar, að gera öll börn að góðum vegfarendum og að veita foreldrum fræðslu um sérstöðu barna í umferðinni.

### Umferðarskóli 5 og 6 ára barna

Umferðarstofa, lögregla og sveitarfélög víða um land standa að umferðarskóla fyrir 5 og 6 ára börn. Námskeiðin eru haldin á vorin og eru leikskólar heimsóttir til þess að auka líkur á að sem flest börn njóti fræðslunnar.

Tilgangur umferðarskólans er að stuðla að auknu öryggi barna og réttum viðbrögðum í umferð. Leitast er við að hafa fræðsluna lifandi og áhugaverða. Áhersla er lögð á reglur um öryggisbúnað fyrir börn í bílum, reglur fyrir gangandi vegfarendur, hjóltreidar og hjálma og ýmislegt fleira sem aukið getur öryggi og færni barna. Fræðslan er um leið stuðningur og viðbót við þá fræðslu sem börnin fá heima hjá sér og á leikskólum.

